

Umsögn Vátryggingaeftirlitsins um einstakar greinar í frv til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

Umsögn þessi er samin með miklu hraði og hefði Vátryggingaeftirlitið kosið að fá meiri tíma til þess að athuga mál þetta ítarlegar og ganga betur frá umsögninni.

Eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar eru þær helstu sem Vátryggingaeftirlitið vill koma á framfæri. Mörg önnur atriði þurfa a.m.k. skýringa við.

Gagnlegt væri að hafa enn meiri hliðsjón af lögum um vátryggingastarfsemi en kemur fram af einstökum athugasemdum hér.

I. kafli Skyldutrygging

1. gr. Markmið lífeyrissjóða

Skerpa þarf 2. mgr. 1. gr. og láta kom askýrt fram að markmið sjóðanna sé að tryggja sjóðfélögum lífeyri.

II. kafli Samningar um lífeyrissparnað

Hlutverk þessa kafla er ekki ljóst. Munu þessir samningar hafa aðra stöðu en frjálsir samningar um sama efni milli sömu aðila?

8.-9. gr. Starfsemi líftryggingafélaga

Til þess að samningar um lífeyrissparnað falli að starfsemi líftryggingafélaga skv. 1. mgr. 9. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994 þarf tryggingavernd að vera hluti af samningnum.

Greininni má breyta þannig:

Á eftir 1. málslíð 9. gr. bætist inn nýr málslíður svohljóðandi: Í samningi við líftryggingafélag skal vera fólgin vátryggingavernd sem samræmist starfsleyfi félagsins.

8. gr. Líftryggingafélög og samningar um lífeyrissparnað

Í 2. Tl. 8. Gr. er gert ráð fyrir því að líftryggingafélög sem hafa starfsstöð hér á landi hafi heimild til að gera samninga um lífeyrissparnað. Vafasamt er að krafan um starfsstöð standist ákvæði EES samningsins. Markmið skilyrðisins eru ekki útskýrð, en þeim má væntanlega ná með öðru móti.


9. gr. Uppsögn

Ekki kemur fram hverjir hafi heimild til þess að segja upp samningi um lífeyrissparnað.

10. gr. Staðfesting á regjum um sparnað

Vafasamt er að krafa um samþykki fjármálaráðherra standist lög um vátryggingastarfsemi og hún stenst varla EES samninginn.

Gert er ráð fyrir umsögn eftirlitsaðila, væntanlega er átt við stjórnvöld en ekki endurskoðanda.



11. gr. útborgunartími

Ekki sjást rök fyrir því að dreifa útborguninni.

III. kafli Réttindi í lífeyrissjóðum

Grunnréttindi sjóðfélaga og rétthafa eru ekki nægilega tryggð. Gera þarf almenna kröfu um að samþykktir séu samngjarnar. Það skiptir mál í 13. gr. varðandi ávinnslu réttinda og skiptingu iðgjalds eftir tegundum lífeyris, og í 14. – 17. gr. um einstakar tegundir lífeyris.

Gera þarf ráð fyrir neytendapjónustu vegna álitamála sem rísa í samskiptum sjóðfélaga og lífeyrisþega við sjóðina. Á váttryggingasviðinu er slík þjónusta hjá Váttryggingaæftirlitinu, sbr. 4. mgr. 55. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994. Þessi þjónusta má eins vera á vegum sjóðanna sjálfra sameiginlega.

Huga þarf sérstaklega að réttindum þeirra sem taka nokkurn en takmarkaðan þátt í atvinnulífinu, hverjar sem orsakir þess eru.

19. gr.

Eðlilegt er að banna að skerða annan lífeyri, rétt eins og ekki má skerða ellilífeyri ef sjóðfélagi hættir greiðslum til sjóðsins.

“Heimilt er að flytja iðgjöld og þar með réttindi sem þeim fylgja”. Þetta ákvæði, ásamt fleirum bendir til að forðast sé að taka afstöðu til eignarréttar sem myndast við greiðslu iðgjalda. Fólk á væntanlega rétt á lífeyri í samræmi við getu sjóðsins til þess að greiða hann, en vandamál rísa ef ætlunin er að flytja réttindi milli sjóða sem hafa mismunandi reglur. Eðlilegt væri að sjóðfélagi hefði eitthvað um slíkan flutning að segja.

“Heimilt er að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara” Ávöxtunin verður að fylgja, eðlilegt er að endurgreiðslan miðist við áunnin réttindi.

IV Almenn skilyrði

20. gr.

Sbr. aths. v. 1. gr. Markmið sjóðanna er að tryggja sjóðfélögum lífeyri, það er gert með fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum. Fjárfestingin er aðferð, ekki markmið.

21. gr.

Ákvæði um litla sjóði eru mjög óljós.

22. gr.

Huga þarf að nöfnum séreignasjóða í tengslum við hugsanlegar breytingar á stöðu þeirra. Ef hún breytist er óeðlilegt að þeir megi kalla sig lífeyrissjóði.

23. gr.

Iðgjaldagreiðendur bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum inneign sinni í sjóðunum

24. gr. reglugerð um tryggingalegar forsendur

Miklu skiptir að reglugerðin sé vel samín, t.d. óháð efnahagsmarkmiðum stjórnvalda.

V. Starfsleyfi

Kröfur sem gerðar eru eru nær eingöngu formkröfur. Eðlilegra er að eftirlitsstjórnvöld geti synjað sjóði um starfsleyfi ef sýnt er að ekki verði gætt sanngirmi gagnvart sjóðfélögum.

28. Breytingar á samþykktum

Rétt er að vekja athygli á 60. gr. laga um váttryggingastarfsemi, þar sem segir m.a. að tilkynna skuli sérhverjum líftryggingataka um breytingar á skilmálum. Sú aðferð væri betri gagnvart sjóðfélögum.

32.-33. gr. Lífeyrissjóðir í umsjón annarra.

Ekki er rétt að gera kröfu um að lífeyrissjóður reki eigin skrifstofu, eins og þó virðist hugmyndin með 32. og 33. gr. Hagkvæmara getur verið að sjóðurinn reki skrifstofu í samvinnu við aðra sjóði eða semji við einhvern um að annast reksturinn. Sá sem það gerir gæti annast aðra starfsemi, s.s. váttryggingar, bankarekstur eða verið skrifstofa verkalýðsfélags.

Athugasemdir við:

**FRUMVARP TIL LAGA UM SKYLDUTRYGGINGU LÍFEYRISRÉTTINDA OG
STARFSEMI LÍFEYRISSJÓÐA**

Athugasemdir við kafla VI - IX í frumvarpinu:

29. gr.: Í 5. tl. segir: "...að ákveða hver skuli taka sæti af hálfu lífeyrissjóðs í stjórn stofnunar eða atvinnufyrirtækis.." og í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur m.a. fram: "...og að leita leiða til að auka þátttöku lífeyrissjóða í atvinnulífinu". Er vist að hagsmunir sjóðfélaga og einstakra atvinnufyrirtækja í landinu fari alltaf saman. Hverra hagsmuna eiga lífeyrissjóðirnir að gæta?

Mikilvægt er að í lögum um lífeyrisréttindi og lífeyrissjóði komi fram hvaða markmið og stefnur lífeyrissjóðirnir eigi að hafa að leiðarljósi og hverra og hvaða hagsmuna þeir eigi að gæta. Í frumvarpinu er ekki lögð nægileg áhersla á að fjármunir sjóðanna séu eign sjóðfélaganna og að við ávöxtun fjármuna sjóðanna eigi að hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.

30. gr.: Fyrir lok júní skal boða til ársfundar og innan fjögurra mánaða (43. gr.) skal senda bankaeftirlitinu endurskoðaðan ársreikning ásamt skýrslu stjórnar. Samræmist þetta?

31. gr. Eftirlitið erum sammála efnistöku 4. mgr. 31. gr., sbr. og 32. gr. um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra. Þetta er samskonar ákvæði og er í frumvarpi til laga um breytingar á lögnum váttryggingastarfsemi.

34. gr.: 3. mgr. Skal eftirlitið gera einhverjar kannanir ef skipt er um eftirlitsaðila, t.d. spyrjast fyrir um ástæður skiptanna eða er nægilegt að tilkynnt sé um skiptin?

35. gr.: Reglur um eftirlit með eðlilegri ávöxtun vantar.

Á ekki að standa í 5. tl.: "eftirlit með eignum lífeyrissjóðs", en ekki: "eftirlit með tekjum lífeyrissjóðs"?

Bæta má við 5. tl. 1. mgr. 35. gr.: " , ásamt fjárfestingarstefnu".

36. gr.: Í 1. mgr. segir m.a.: "...móta fjárfestingarstefnu...af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu". Er hér átt við mikla áhættu og mikla ávöxtun eða varkárni? Hver er stefnan og þarf hún ekki að vera skýr í lögnum?

Í 5. mgr. kemur m.a. fram að eign á einni hendi megi ekki vera meira en 10% af hreinni eign og getur í 10% af hreinni eign í stórum lífeyrissjóðum verið umtalsverð fjárhæð og þar af leiðandi mikil áhætta. Er hlutur á einni hendi ekki of hár?

37. gr.: Er í lagi að lífeyrissjóðir kaupi hlutafé í félögum sem hafa þá aðalstarfsemi að fjárfesta í fasteignum?
38. gr.: Ekki eru settar reglur um lánveitingar til fyrirtækja sem umræddir aðilar í 38. gr. tengjast.
39. gr.: (2. mgr.) Um hvernig breytingar á samþykktum er að ræða? Er gert ráð fyrir breytingar á áunnum réttindum eða á réttindum í framtíðinni? Ef gert er ráð fyrir breytingum á áunnum réttindum er það þá ekki í ósamræmi við 2. mgr. 23. gr., þar sem kemur fram að sjóðfélagar beri ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum?
42. gr.: (2. mgr.) Er rétt að endurskoðandi lífeyrissjóðs megi starfa við innra eftirlit hjá þeim sjóði sem hann endurskoðar? Gildir 42. gr. einnig um innri endurskoðanda og ef svo er þarf það þá ekki að koma fram?
45. gr.: Eftirlitið er sammála dagsektarheimildinni í frumvarpinu. Þó væri réttara að geta fjárhæða líkt og gert er í frumvarpi til breytinga á lögum um váttryggingastarfsemi.

37. gr.: Er í lagi að lífeyrissjóðir kaupi hlutafé í félögum sem hafa þá aðalstarfsemi að fjárfesta í fasteignum?
38. gr.: Ekki eru settar reglur um lánveitingar til fyrirtækja sem umræddir aðilar í 38. gr. tengjast.
39. gr.: (2. mgr.) Um hvernig breytingar á samþykktum er að ræða? Er gert ráð fyrir breytingar á áunnum réttindum eða á réttindum í framtíðinni? Ef gert er ráð fyrir breytingum á áunnum réttindum er það þá ekki í ósamræmi við 2. mgr. 23. gr., þar sem kemur fram að sjóðfélagar beri ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum?
42. gr.: (2. mgr.) Er rétt að endurskoðandi lífeyrissjóðs megi starfa við innra eftirlit hjá þeim sjóði sem hann endurskoðar? Gildir 42. gr. einnig um innri endurskoðanda og ef svo er þarf það þá ekki að koma fram?
45. gr.: Eftirlitið er sammála dagsektarheimildinni í frumvarpinu. Þó væri réttara að geta fjárhæða líkt og gert er í frumvarpi til breytinga á lögum um váttryggingastarfsemi.

